

SKEIÐALAUG, SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPI

MINNISBLAÐ

VERKNÚMÉR: 18326-001

DAGS.: 2021-02-09

VERKHLUTI: -

NR.:

HÖFUNDUR: Ari Guðmundsson

RÝNT AF:

DREIFING: Verkkaupi

Kostnaðarmat vegna ábendinga Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Minnisblað þetta er tekið saman í kjölfar yfirferðar á skoðunarskýrslu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands HES #22209A vegna Skeiðalaugar í Brautarholti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi í framhaldi af skoðun 10. nóvember s.l.

Farið hefur verið yfir skýrsluna, fundur haldinn með fulltrúa Heilbrigðiseftirlits 2. desember ásamt vettvangsskoðun 7. desember.

Þá hefur verið sett upp gróft mat á verktakakostnaði vegna þeirra helstu þátta sem framkvæma þarf þannig að laugin geti haft frávíkalaus úttekt Heilbrigðiseftirlit næstu árin.

Úrbætur

Farið hefur verið yfir þær úrbætur sem mikilvægastar eru með tilliti til þess að laugin verði opin í einhver ár í viðbót, en framtíðaruppbygging eða breytingar hafa verið í umræðu sveitarfélagsins og ekki komin endanleg niðurstaða í þær áherslur sem lagt verður upp með.

Þannig eru hér að neðan gerðar tillögur að mikilvægustu úrbótum til að uppfylla ábendingar í áður nefndri skýrslu Heilbrigðiseftirlits.

Rými framan við gufubað:

Þær aðgerðir sem hér eru lagðar til:

- Skafa upp og hreinsa lausa málningu á steiptum veggjum og lofti, grunna og mála þau rými að því loknu.
- Slípa óhreina bletti í viðarklæðningu í loftum, sóttgreinsa og lakka yfir.
- Rakaálag verður minnkað með því að opna ekki gufubaðsdyr í lok dags, heldur leyfa gufu að fara út um loftop á gufubaðsklefa yfir lengri tíma.
- Bæði inn- og útblástur er frá loftræsikerfi í rýminu. Gert er ráð fyrir að yfirfara og hreinsa loftstokka til að tryggja afköst.

Kostnaðarmat aðgerða:

- Metinn verktakakostnaður er kr. 300.000,- (*)

(*) Vinna við að yfirfara og hreinsa loftstokka er í öðrum lið.



Búningsherbergi karla:

Þær aðgerðir sem hér eru lagðar til:

- Endurnýja alla sturtuhausu.
- Hreinsa upp fúgu í austurenda sturturýmis á afmörkuðum stað, grunna og endurkítta.

Kostnaðarmat aðgerða:

- Metinn verktakakostnaður er kr. 150.000,-

Rými austan búningsherbergja að útisvæði:

Þær aðgerðir sem hér eru lagðar til:

- Skafa upp og hreinsa lausa málningu á steiptum veggjum, grunna og mála þau rými að því loknu.

Kostnaðarmat aðgerða:

- Metinn verktakakostnaður er kr. 150.000,-

Heitur pottur á sundlaugarsvæði:

Þær aðgerðir sem hér eru lagðar til:

- Brjóta upp um 40 x 60cm svæði við efstu tröppu framan við heitan pott. Taka snjóbræðsluslöngu í sundur og framlengja yfir að efsta þrepi potts. Steypa yfir og ganga frá yfirborði í samræmi við aðliggjandi fleti.

Kostnaðarmat aðgerða:

- Metinn verktakakostnaður er kr. 300.000,-

Rennuristar við sundlaug:

- Útbúin verða ryðfríar ristar og settar á tvö horn sundlaugar, ca. 1m í hvora átt. Þær plastrennuristar sem þar voru eru nýttar til að endurnýja brotnar ristar á stöku stað.

Kostnaðarmat aðgerða:

- Metinn verktakakostnaður er kr. 150.000,-

Laugarker:

- Þegar viðrar vorið/sumarið 2021 verður farið í að hreinsa upp og mála laugarker ásamt heitum potti.

Kostnaðarmat aðgerða:

- Metinn verktakakostnaður er áætlaður á milli 2.000.000,- og 3.000.000,- kr.
- Neðri mörk miðast við minniháttar undirbúningsvinnu og lagfæringar, en efri mörkin ef farið yrði í ítarlegri lagfæringar og meiri vinna lögð í undirbúning og frágang.



Loftræsikerfi:

Þær aðgerðir sem hér eru lagðar til:

- Yfirfara loftræsikerfi m.t.t. stillinga og afkasta.
- Yfirfara og hreinsa viðeigandi loftstokka og ristar.

Kostnaðarmat aðgerða:

- Metinn verktakakostnaður er áætlaður á milli 200.000,- og 600.000,- kr.
- Neðri mörkin miðast við einfaldar stillingar og minniháttar hreinsun, en efri mörkin við ítarlegri stillingar, minniháttar viðgerðir og hreinsun.

Almennt:

Fyrir utan ofangreindar aðgerðir verður farið yfir laugina m.t.t. hreinsunar, t.d. flísar í kvennaklefa ásamt tiltekt í kjallara við þvottaaðstöðu. Þá verður unnið að öðrum ábendingum s.s. áhættumati.

Kostnaðarmat aðgerða:

- Ekki er tekið saman kostnaðarmat aðgerða, þar sem starfsmenn sveitarfélagsins munu að öllum líkindum sjá um ofangreinda þætti.

Samantekt:

Hér að ofan hafa verið teknar saman þær helstu úrbætur sem mikilvægastar eru með tilliti til þess að laugin verði opin í einhver ár í viðbót, eins og áður segir.

Heildarkostnaður þeirra úrbóta sem að ofan greinir má áætla á bilinu 3.250.000,- til 4.650.000,-. Eins og sést er málun sundlaugar og potts kostnaðarmesta framkvæmdin. Aðrar framkvæmdir eingöngu eru á bilinu 1.250.000,- til 1.650.000,-.

Taka verður þó tillit til óvissu/vikmarka sem eru áætlaðar – 5% / + 20% frá þessum tölum.